

5. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn mánudaginn 20. júní 2016 kl. 20:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt voru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Ingólfur Benediktsson Árnesei 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesei 2, Elísa Ösp Valgeirsdóttir Árnesei 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá

1. Fundargerðir stjórnar Fjórðungssambands Vestf. lagðar fram til kynningar.
2. Bréf sent iðnaðarráðherra, lagt fram til kynningar.
3. Bréf sent þingmönnum NV-kjördæmis, lagt fram til kynningar.
4. Samband Ísl. sveitarfélaga, varðandi uppbyggingu innviða, tengiliður fyrir Árneshrepp.
5. Erindi Benedikts Jónssonar eiganda Stóru-Ávíkur.
6. Jörðin Kambur, framhald fyrri umræðu.
7. Umsókn um styrk vegna heimildarmyndarinnar Síðasta haustið.
8. Stefnumörkun Sveitarfélaga á Vestfjörðum, áður sent í pósti til hreppsnefndarmanna.
9. Umhverfisstofnun, endurskoðun á samningi við sveitarfélög um refaveiðar 2014-2016.
10. Skólastjóra/kennarastarf og önnur atvinnumál. Styrkir til fjárkaupa og fleira.
11. Kjörskrá vegna forsetakosninga 25. júní 2016.
 1. Fundargerðir stjórnar Fjórðungssambands Vestfjarða lagðar fram til kynningar.
 2. Bréf sem sent iðnaðarráðherra lagt fram til kynningar.
 3. Bréf sent þingmönnum NV-kjördæmis lagt fram til kynningar.
 4. Ósk frá Sambandi Ísl. sveitarfélaga um tilnefningu tengiliðar vegna gagnaöflunar varðandi undirbúning að landsáætlun um uppbyggingu innviða eða greiningu á uppbyggingarþörf. Hreppsnefnd tilnefndi Evu Sigurbjörnsdóttur oddvita sem okkar tengilið.
 5. Erindi Benedikts Jónssonar eiganda Stóru-Ávíkur varðandi lækkun á fasteignagjöldum tekið fyrir. Ákveðið var á fundi hreppsnefndar 27. apríl 2011 að ekki verði veittur afsláttur frá fasteignaskatti nema af byggingum sem flokkast undir menningarminjar. Oddviti mun sjá um að svara þessari fyrirspurn í samræmi við þessa bókun.
 6. Framhald fyrri umræðu um jörðina Kamb. Einnig komu upp sú tillaga að selja einnig jörðina Kolbeinsvík. Kanna þarf nokkur atriði s.s. stærð jarðanna, kvaðir varðandi vegalagningu og annað áður en lengra er haldið.
 7. Umsókn um styrk vegna heimildarmyndarinnar Síðasta haustið tekin fyrir. Ákveðið var að styrkja verkefnið um 40.000 kr. Skiptar skoðanir voru um hvort ætti að styrkja verkefnið.
 8. Stefnumörkun Sveitarfélaga á Vestfjörðum, áður sent í pósti til hreppsnefndarmanna rædd.

9. Umhverfisstofnun, endurskoðun á samningi við sveitarfélög um refaveiðar 2014-2016 lagður fram til kynningar.

10. Skólastjóra/kennarastarf og önnur atvinnumál, styrkir til fjárkaupa og fleira tekið til umræðu. Auglýst var eftir skólastjóra/kennara og bárust þrjár umsóknir en engin þeirra gekk upp. Ákveðið var að auglýsa aftur fljótlega. Ákveðið var að innheimta áfram kranagjald og

120.

verður það sett á auglýsingu. Styrkir til fjárkaupa voru ræddir og afstaða hreppsnefndar óbreytt í því máli. Keypt hefur verið ný garðsláttuvél til notkunar á tjaldsvæði hreppsins.

11. Kjörskrá vegna forsetakosninga 25. júní 2016 lögð fram og var hún samþykkt.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 22:20